

## **Andstjarna eða tímaskekkja?**

- Um frægðarskugga poppstjörnnunar Morrissey

„Now Art should never try to be popular. The public should try to make itself artistic.“

- Oscar Wilde

Það er ekki ofmælt að ferill breska poppsöngvarans Morrissey er á fremur undarlegum stað í dag. Fréttir sem hafa borist af söngvaranum undanfarin ár hafa margar verið af því þegar hann gengur af sviði við minnsta tilefni, plötufyrirtæki rifta samningi hans eða að bækur hans fá slæma útreið gagnrýnenda. Samt sem áður virðist fátt benda til þess að staða Morrissey sem lifandi goðsagnar í augum margra aðdáenda sé breytt.

Eitt af því sem einkennir umfjöllun um Morrissey er að ekki verður komist hjá því að nefna hljómsveitina The Smiths og við lauslega athugun á fréttamiðlum á netinu er ekki að finna frétt þar sem þau tengsl eru ekki rakin. The Smiths var stofnuð árið 1982 í Manchester af Morrissey og gítarleikaranum Johnny Marr. Samvinna þeirra tveggja var stærsti þátturinn í afköstum hljómsveitarinnar og ber David Bret, einn fyrsti ævisöguritari Morrisseys, þá tvo saman við önnur fræg pör rokksögunnar: „Like Rodgers and Hart, Leiber and Stoller, Jagger and Richard, Lennon and McCartney, and Simon and Garfunkel, before them, the seemingly unlikely partnership of Morrissey and Marr influenced an entire generation.“<sup>1</sup> Þrátt fyrir stuttan feril á árunum 1982-1987 náðu The Smiths að marka djúp spor í breska tónlistarsögu og skapa fylgjendahóp sem hefur í tímans rás fengið á sig stimpil depurðar og vansældar.<sup>2</sup> Hugmyndafræði hljómsveitarinnar á rætur sínar í pólitíska ádeilu og hversdagsleg gildi en að sögn Morrisseys átti nafn hljómsveitarinnar, plötuumslög og önnur markaðsvara tengd hljómsveitinni áttu að hampa hinu venjulega og vera í beinum tengslum við raunveruleikann.<sup>3</sup>

Hér verður sjónum beint að ferli Morrissey, bæði sem sjálfstæðum listamanni í nútímanum en einnig í samanburði við fyrrum hljómsveit sína. Gert verður grein fyrir því hvaða lykilatriði, sem snerta pólitík og fagurfræði, sköpuðu Morrissey sérstöðu og reynt að varpa ljósi á ástæður þess að Morrissey er ýmist álitinn átrúnaðargoð eða þvert á mótí hneykslanlegur. Er Morrissey í eðli sínu óhefðbundin poppstjarna eða hefur hann einfaldlega glatað hæfileikanum að miðla hugmyndum sínum?

<sup>1</sup> Bret, David, *Morrissey: Landscapes of the Mind*, Robson Books Ltd: London, 1994, bls. 19.

<sup>2</sup> Sean Campbell og Colin Coulter, „Why pamper life's complexities?: an introduction to the book“, *Why Pamper Life's Complexities?: Essays on The Smiths*, ritstj. Sean Campbell og Colin Coulter, Manchester University Press: Manchester, 2010, Kindle-útgáfa, location 127.

<sup>3</sup> *Data Run*, 1985. Viðtalið má sjá hér, tekið þann 21. apríl: <https://www.youtube.com/watch?v=M6VbSEm8nY0>

## Söngvaskáld verður að gúru

Hugtakið popp hefur lengi loðað við þær menningarafurðir sem sækja kraft sinn í vinsældir og útskubylgjur en hefur haft slæmt orðspor á sér fyrir það og álitnið einskonar lægsti samnefnari samfélagsins. Menningarfræðingurinn Stuart Hall fjallar um það í grein sinni „Notes on Deconstructing the Popular“ að við skilgreiningu á poppi þurfi hins vegar að huga að flóknari innri tengslum menningar í hinu borgaralega samfélagi. Hann segir þó að í grunninn sé um átök milli ríkjandi og undirsettrar menningar að ræða: „The study of popular culture has tended to oscillate wildly between the two alternative poles of that dialectic – containment/resistance.“<sup>4</sup> Staðsetja má The Smiths í miðju þessara átaka en þeir reyndu ítrekaða að storka eða snúa á hvolf viðteknum hugmyndum um popptónlist:

The Smiths crashed on to the Manchester pop scene, spreading rapidly across Northern England like a starburst, steadfastly refusing to be categorized, musical or verbal, inevitably controversial, which secured them a cult following, coupled with a love-hate relationship conjured up by the tabloid press...<sup>5</sup>

Fjölmiðlaumfjöllun tók ríkan þátt í að móta ímynd The Smiths, eins og annarra hljómsveita, en athyglin tók fljótt að beinast sérstaklega að hinum dulúðlega en skýrmæltu Morrissey. Þau viðtöl sem tekin voru á meðan The Smiths voru starfandi voru stundum eingöngu við Morrissey þar sem hann hafði athyglisverðar skoðanir sem hann hikaði ekki við að tjá. Það er því öruggt að fullyrða að í augum flestra var Morrissey lykilmaður The Smiths.<sup>6</sup>

Við athugun á vinsældum Morrisseys á tímum The Smiths er vert að skoða sviðsframkomu og þemu í textum hans. Á sviðinu ögraði hann t.a.m. hefðbundnum hugmyndum karlmenskunnar; klæddist oft gömlum blússum, bar perlufestar og skreytti sig blómum, ýmist í buxnavasa eða hendi. Textar hans voru afar fjölbreyttir, höfðu margræðar og bókmenntalegar skírskotanir og snertu iðullega á félagslegum málefnum sem vörðuðu m.a. stéttaátök, kynferði og manngæsku.<sup>7</sup> Þetta þótti óhefðbundin hegðun rokkstjörnu því áherslan

<sup>4</sup> Hér má jafnframt sjá Hall vísa í lag með The Smiths, „Oscillate Wildly“. Hall, Stuart, „Notes on Deconstruction the Popular“, *Cultural Theory and Popular Culture*, ritstj. John Storey, Pearson: London, 1998, bls. 443.

<sup>5</sup> Bret, *Morrissey*, bls. 28.

<sup>6</sup> Sama heimild, bls. 27.

<sup>7</sup> Einnig er að finna harða gagnrýni á bresku krúnuna og stjórnmöld. Hún er gjarnan karnivalískur viðsnúningur þar sem Morrissey beitir kaldhæðni, ekki ósvipað hinu fræga ævintýri „Nýju fót keisarans“. Dæmi um slíkt er texti Smiths-lagsins „The Queen is dead“, sem er mun umbúðalausari gagnrýni en hjá Sex Pistols áratug áður með sínu „God save the Queen“, þar sem t.d. er gefið í skyn að það sé leyndur draumur Charles Bretaprins að birtast á forsíðu The Daily Mail, klæddur í brúðarslör móður sinnar.

var ekki á hedónisma hins margtuggða frasa, „kynlíf, dóp og rokk og ról“, heldur einmitt þveröfugan lífstíl án vímuefna og kynlífs.<sup>8</sup>

Karlmennskuímyndinni var ennfremur snúið á hvolf í textum Morrisseys með óljósum vísbendingum um kynhneigð og kynferði. Í lögum á borð við „Handsome devil“, „What Difference Does it Make“ og „This Charming Man“ er að finna hugleiðingar um leynt og forboðið samband karlmannna ásamt hinu hefðbundna samband kynjanna (e. heteronormativity). Kynhneigð Morrisseys sjálfs hefur frá upphafi legið milli hluta en ljóst varð þegar leið á feril hans að uppistaða aðdáenda hans voru karlmenn og á tónleikum fengu þeir útrás, eða frelsun undan ráðandi karlmennskuímynd með því að reyna að komast upp á svið og faðma og kyssa söngvaskáldið. Ævisaga Morrissey, *Landscapes of the Mind*, hefst á tilvitnun í viðtal við Morrissey þar sem hann ræðir hinn karllæga áhorfendahóp:

Most of the people who jump onstage and kiss me are male. They're not all young. They're grown, very big men. I can't think of another incident in pop history where men jumped up onstage and kissed a male artist. As to what it is in me that evokes this response, I think I touch on a different passion in people, more romantic than sexual. Singers attract fans with aspects of their own personality. People feel I'm passionate and obsessive. They know this isn't a profession for me. It's a vocation. It's not an egotistical thing but something else. I'm in a dialogue with my audience, and that's something that I need.<sup>9</sup>

Morrissey veitir því rými sem er þvert á karlmenskuna eða í það minnsta opnar hann á túlkun hennar. Í fræðilegu samhengi hefur það verið kallað félagstengsl karlmannna (e. homosocial), þau óhjákvæmilegu samskipti karla í ráðandi feðraveldi og er innbyggt í það að hunsa það sem ögrar ímynd hins gagnkynhneigða sterka karlmanns eða jafnvel hafna alfarið og kalla „kvenlegt“.<sup>10</sup> Morrissey leikur sér að afmörkuðum skilum kynjanna og hafnar þeim um leið. Í viðtalsbrotinu segist hann eiga í „samtali“ við áhorfendur sína og fullyrðir að óháð kynjum sé það köllun sín að koma fram á sviði fremur en hefðbundin starfsgrein. Hann virðist þó ekki kalla eftir afleiðingum með framkomu sinni heldur lýsir hann persónulegri nauðsyn þess að koma fram. Þessi afstaða er hugsanlega kjarni þess sem gerir Morrissey umdeildan; hann kemur

<sup>8</sup> Svipaðar hugmyndir lágu í loftinu á þeim tíma, sem andúð á „rokkstjörnulíferninu“. Ian MacKay, meðlimur pönksveitarinnar Minor Threat og síðar Fugazi, var þar einna fremstur í flokki með hugmyndafræði sína um „straight edge“, eða lífstíll án við vímuefna, sukks og kjótáts. Þær hugmyndir urðu (og eru) mjög áhrifaríkar innan harðkjarnasenunnar síðar meir.

<sup>9</sup> Bret, David, *Morrissey*, bls. 1.

<sup>10</sup> Bird, Sharon R.. “Welcome to the Men's Club: Homosociality and the Maintenance of Hegemonic Masculinity”. *Gender and Society* 10/2, 1996, bls. 120–132, hér bls. 121. Fengið þann 19. apríl af: <http://www.jstor.org/stable/189829>

fram algjörlega á eigin forsendum og gerir litla tilraun til að eiga í víxlverkandi sambandi, hvorki við aðdáendur né gagnrýnendur.

Í blaðgrein á Huffington Post er fjallað um fylgjendahollustu aðdáenda Morrisseys þar sem segir: „Fans stomach the more absurd aspects of his presence - the canceled shows and abattoir footage - because they understand that Morrissey is giving himself to them with each tour and album.“<sup>11</sup> Trúin á að „goðið“ sé að gefa hluta af sjálfum sér er nógu sterk til þess að sumir líti framhjá því sem gæti hneykslað. Fylgjendahollusta af þessu tagi var þegar byrjuð með The Smiths og birtist einna skýrast í myndbandi sem gert var við lagið „Stop me if you think you’ve heard this one before“ (1987). Þar sjást aðdáendur, sem einskonar afrit af söngvaranum, klæddir nákvæmlega eins og haga sér eins. Þar með var ímynd hans rækilega fest í sessi en á sama tíma var hljómsveitin að líða undir lok.

Í dag hefur táknmynd Morrisseys teygst sig langt út fyrir það menningarsvæði sem hann er sprottinn úr og má finna dæmi um mjög afmarkaða fylgjendahópa eða „költ“ sem halda einskonar helgiathafnir tileinkuð honum einum. Í heimildamyndinni *Is it really so strange?* frá árinu 2004 er fjallað um menningarkíma í Los Angeles þar sem stór hópur fólks, ættað frá Mið- og Suður-Ameríku, hittist reglulega á klúbbakvöldum sérstaklega tileinkuðum Morrissey.<sup>12</sup> Borgin hefur raunar verið suðupottur Morrissey aðdáenda allt frá árinu 1991, þegar hann hélt sína fyrstu tónleika þar í borg, og stundum verið kölluð „Moz Angeles“ fyrir vikið. Í nýlegri grein, eftir félagsfræðinginn Eoin Devereux og prófessor Melissa Hidalgo, er fjallað um Los Angeles í samhengi við hugtakið „audiotopia“ sem væri lauslega þýtt sem tónlistarstaðleysa. Hugtakið skilgreina þau sem rými sem er „afmarkað og skilgreint af þáttum tónlistarinnar og gerir hlustendum og/eða tónlistarmönnum kleift að endurhugsa ríkjandi félagsskipulag.“<sup>13</sup>

Ef litið er á félagslegan raunveruleika innflytjenda frá Mið- og Suður-Ameríku á svæðinu í kringum Los Angeles síðustu áratugi er ákveðna samsvörun að finna milli kerfisbundinnar mismununar innflytjenda og vinsælda Morrisseys. Hann virðist ná sterkum tengslum, þvert á menningu, við fólk sem telur sig jaðarsett eða útundan í samfélaginu af ýmsum ástæðum og gefur þeim rými til þess að endurspegla sig sjálf.<sup>14</sup> Haldin eru klúbbakvöld, karóki og tónleikar þar sem The Smiths eru settir á svið eins og leikrit jafnvel af yngri

<sup>11</sup> Duca, Lauren, „There is a Light that never goes out: The Enduring Cult of Morrissey“, *Huffington Post*, 30.6.2015, fengið þann 23. febrúar 2016 af: [http://www.huffingtonpost.com/2015/06/30/morrissey-fandom\\_n\\_7689288.html](http://www.huffingtonpost.com/2015/06/30/morrissey-fandom_n_7689288.html).

<sup>12</sup> <http://www.imdb.com/title/tt0459104/>

<sup>13</sup> „space within and produced by a musical element that offers the listener and/or the musician new maps for re-imagining the present social world.“ Eoin Devereux og Melissa Hidalgo, „You’re gonna need someone on your side: Morrissey’s Lation/a and Chicano/a fans“, *Participations: Journal of Audience & Reception Studies*, 12, 2, nóvember 2015, bls. 197-217, hér bls. 204.

<sup>14</sup> Sama heimild, bls. 204-205.

kynslóðum sem hvorki upplifðu The Smiths eða hafa séð Morrissey á sviði. Þar má finna þekktar ábreiðuhljómsveitir á borð við Sweet and Tender Hooligans og hina vinsælu hljómsveit Mexrrissey sem spilar aðeins ábreiður af lögum The Smiths og Morrissey í mexíkönskum þjóðlagabúningi.<sup>15</sup> Vinsældir Morrissey meðal hópa frá Mið- og Suður-Ameríku hafa óljósar ástæður en í viðtali við *Washington Post* heldur einn af aðdáendum Morrissey í Mexíkó því fram að þjóðfélagslegar aðstæður liggi að baki þessari miklu aðdáun: „[...] the fact that Mexicans are obsessed with Morrissey has something to do with having grown up heavily oppressed by their government, Catholicism and unwavering machismo patriarchal standards.<sup>16</sup> Þar sem gagnrýni Morrisseys sjálfs snýst að miklu leyti gegn gamla hefðasamfélaginu, alræði stjórnvalda, kirkju og hefðbundnum kynjaímyndum, er auðvelt að skilja hvers vegna hann virðist tala til fólksins.

Jafnframt mætti draga þá ályktun að fyrir utan hinn félagslega þátt snerti Morrissey við siðum og táknum úr kaþólskri trú en í því samhengi er vert að benda á írsk-kaþólskan uppruna hans. Píslarvottadýrkun kaþólskunnar á sér skýra hliðstæðu í þeirri helgimynd sem dregin er upp af Morrissey af dyggustu aðdáendum. Morrissey, líkt og frelsarinn, þjáist fyrir þann sannleika sem hann boðar, þ.e. skoðanir sínar, og leikur hann sér meðvitað að þessum tengslum. Í laginu „I Have Forgiven Jesus“ af plötunni *You are the Quarry* (2004) er að finna írónískan viðsnúning ímyndar frelsarans. Í textanum segist söngvarinn vera búinn að fyrirgefa Jesú Kristi fyrir að yfirgefa sig en slíkt er öfugt við gildi kristinnar, þar sem fyrirgefning er veitt mönnum af guði. Þannig setur hann sjálfan sig skör ofar sjálfum frelsaranum en öfugmæli og írónía á borð við það er víða að finna í textum eftir Morrissey.

„Píslarvottahegðun“ Morrissey fyrir pólitískar skoðanir sínar og staða hans jaðrinum eru eitt af aðalsmerkjum hans sem listamanns. Það á hugsanlega rætur í hans eigin fyrirmyndir, James Dean og Oscar Wilde, en báðir voru þeir tákmyndir hins félagslega einangraða gagnvart hinu „eðlilega“ og gefna í samfélaginu. Oscar Wilde var gerður útlægur á síðustu árum ævi sinnar fyrir „kynvillu“ og James Dean var þekktastur fyrir að vera uppreisnarseggur og storka kerfinu. Það má því velta fyrir sér hvort staða hans sem „andstjarna“ í heimi popptónlistar sé í raun sjálfsprottin tilraun með trúarleg tákni og píslarvottarhlutverk, innblásin af sínum helstu skapandi fyrirmyndum.

---

<sup>15</sup>Miranda, Carolina A., *The Los Angeles Times*, 9. maí 2015, tekið þann 24. febrúar 2016 af: <http://www.latimes.com/entertainment/arts/miranda/la-et-cam-mexrrissey-mexican-morrissey-phenomenon-20150508-column.html>

<sup>16</sup>Cabral, Javier, *The Washington Post*, 8. október 2014, tekið þann 24. febrúar 2016 af: <https://www.washingtonpost.com/posteverything/wp/2014/10/08/why-do-mexican-americans-love-morrissey-so-much/>

### Afstöðupopp hvunn dagsins

„Vel má vera að tónlist geti verið hagnýt sálfræðilega, félagslega, stjórnmálalega eða eitthvað slíkt. En það er ekki af þeirri ástæðu sem fólk iðkar hana.“<sup>17</sup> Þetta segir tónlistarfræðingurinn Simon Frith í fyrirlestri sínum „Why Music Matters“ en hann heldur því fram að tónlistin skipti máli vegna tengja við mennsku okkar og mótun sálrænna þátta, skynjunar, fagurfræði, félagshæfni, o.s.frv. Þetta er mikilvægt, að mati Friths, að hafa í huga þegar skrifa á um popptónlist í fræðilegu samhengi enda hefur tónlist gríðarlega tilfinningalegt gildi og ekki hlutverk fræðanna að meta fagurfræðilegt gildi hennar.<sup>18</sup>

Þetta endurspeglar að einhverju leyti afstöðu Morrissey þegar hann gagnrýnir flokkunarkerfi tónlistar sem setur popptónlist neðst í stigveldi há- og lágmennningar. Hann hefur frá upphafi staðið gegn kerfi tónlistariðnaðarins og verið umdeildur fyrir það.<sup>19</sup> Í hans huga á það að vera hlutverk popptónlistarinnar að ávarpa alvarlegri málefni þjóðfélagsins og fá fólk til þess að hugsa og taka afstöðu. Í viðtali sem birtist í *Melody Maker* árið 1985 segir hann: „Most people believe that popular music is the lowest possible art form, and anything that happens in popular music really isn't important.“<sup>20</sup> Í sjónvarpsviðtali við BBC um svipað leyti ræðir Morrissey hugsunina á bak við hinn róttæka titil nýútkomnu plötunnar *Meat is Murder* og segir pólitíska afstöðu verða að vera hluti af poppinu: „Popular music should be used in order to make serious statements, because so many bands sell masses of masses of records and don't raise people's level of consciousness in any direction. And we find that quite sinful.“<sup>21</sup> Hann gerir kröfu um ábyrgðarfulla popptónlistarmenn, en í hans huga ber þeim skylda til þess að nýta vinsældir sínar til þess að virkja áheyrendur í stað þess að vera aðeins liður í framleiðslukerfi tónlistariðnaðarins.

Þýski félagsheimspekingurinn Theodor W. Adorno var einn þeirra sem skoðaði þróun menningar innan kapítalískts hagkerfis á millistríðsárunum. Hann fullyrti að við ríkjandi aðstæður yrði menning fyrir áhrifum kapítalískum framleiðslugildum og afleiðing þess var það sem hann kallaði „menningariðnaður“. Að mati Adornos er menningin „svo ofurseld lögmálum skiptagildisins að það er ekki lengur skipt á henni, hún er svo gernýtt að hún er orðin einskis

<sup>17</sup> „Music may be useful psychologically, socially, politically or whatever. But that's not why people do it.“ Frith, Simon, „Why Music Matters“, *Critical Quarterly*, 50/1-2, 2008, bls. 165-179, hér bls. 178.

<sup>18</sup> Sean Campbell og Colin Coulter, „Why pamper life's complexities?“, location 344.

<sup>19</sup> Martin J. Power, Aileen Dillane, Eoin Devereux, „A push and a shove and the land is ours: Morrissey's counter-hegemonic stance(s) on social class“, *Critical Discourse Studies*, 9.4, Routledge; Limerick, 2012, bls. 375-392, hér bls. 376.

<sup>20</sup> *Uncut Ultimate Music Guide*, 14, Uncut: London, 2013.

<sup>21</sup> „The Whistle Test“, BBC, 1985. Viðtalið má sjá hér, fengið þann 23. febrúar: <https://www.youtube.com/watch?v=O2MOuMWUa70>

nýt. Þess vegna rennur hún saman við auglýsinguna.<sup>22</sup> Hann gagnrýndi þá hugmynd að list væri einungis afurð undirbyggingar þjóðfélagsins eða auðmagnsins en

lykilhugmynd í fagurfræði Adornos snýr að því sem kalla má „lögmál neikvæðisins“ og er samofið hugmyndinni um sjálfstæði listarinnar. Að mati Adornos gegnir listin lykilhlutverki sem einskonar andhverfa borgaralegrar þjóðfélagsgerðar – listin myndar sjálfstætt svið sem er undanþegið ríkjandi kröfum um skilvirkni og markaðsgildi og getur þannig þjónað sem athvarf til viðnáms og gagnrýni.<sup>23</sup>

Helsta kveikjan að pólitískri gagnrýni The Smiths er að finna í hinni hnattrænu útbreiðslu nýfrjálshyggju á áratugunum eftir síðari heimsstyrjöld. Fyrir tónlistariðnaðinn olli hún afar hröðum breytingum á framleiðslu og dreifingu, allt frá geisladiskum og myndbandsspólum yfir í internetið.<sup>24</sup> Hið nýja pólitíska landslag hafði allskyns hliðarverkanir sem urðu innblástur fyrir harða ádeilu The Smiths á hugmyndafræði og samtímastjórnmál á Englandi en menningarfræðingarnir Sean Campbell og Colin Coulter fjalla um það í inngangi sínum að bókinni *Why Pamper Lifes Complexities?*: „The songs undermined the mores and practices at the very heart of the prevailing social order – the work ethic, the cult of the consumer, the imperatives of inherited privilege, the instrumentalism of the culture industries and so on.“<sup>25</sup> Margaret Thatcher, sem hafði verið kosin örfáum árum fyrir stofnun The Smiths, varð, ásamt Ronald Reagan Bandaríkjaforseta, táknmynd „nýja hægrisins“ eins og Campbell og Coulter kalla það. Hún varð auðvelt skotmark þeirra sem gagnrýndu þá róttæku hægristefnu sem hún boðaði, með ríkri áherslu á hefðbundin gildi, samfélagsaga og tortryggni.<sup>26</sup> Thatcher er gagnrýnd beint og óbeint í textum Morrisseys, þar sem tengja má framsetningu hans á lægri verkalýðsstétt við stjórnartíð Thatcher og af-iðnvæðingu á Norður-Englandi.<sup>27</sup> Texti lagsins „I want the one I can't have“ er eins og marxískur óður til veruleika fólks af lægri stétt, þar sem segir m.a. í viðlaginu: „A double bed/ and a stalwart lover for sure/ these are the riches of the poor.“

<sup>22</sup> Adorno og Horkheimer, „Menningariðnaður: Upplýsing sem múgsefjun“, *Áfangar í kvikmyndafræðum*, þýð. Guðni Elísson, Forlagið: Reykjavík, 2003, bls. 234-271.

<sup>23</sup> Adorno, Theodore W., „Ræða um ljóðlist og samfélag“, *Ritið: Tímarit hugvísindastofnunar Háskóla Íslands*, Háskólaútgáfan: Reykjavík, 2011, bls. 183-204, hér bls. 184.

<sup>24</sup> Hesmondhalgh, David, *The Cultural Industries*, 3. útgáfa, „Why the Cultural Industries Began to Change in the 1980's“, Sage: Los Angeles, 2013, bls. 93-117.

<sup>25</sup> Sean Campbell og Colin Coulter, „Why pamper life's complexities?: an introduction to the book“, *Why Pamper Lifes Complexities?: Essays on The Smiths*, ritstj. Campbell, Sean og Coulter, Colin, Manchester University Press: Manchester, 2010, Kindle-útgáfa, location 221.

<sup>26</sup> Brooker, Joseph, „Has the World changed or have I changed?: The Smiths and the Challenge of Thatcherism“, *Why Pamper Lifes Complexities?*, Kindle-útgáfa, location 654.

<sup>27</sup> Martin J. Power o.fl., „A push and a shove and the land is ours“, bls. 378.



Atvinna er Morrissey almennt hugleikin í textum sínum. Hann hafnar þeirri hugmynd að maðurinn eigi ekki annarra kosta völu en að vinna og viðhalda framleiðslu. Hann er á þeirri skoðun að maðurinn eigi í lengstu lög að reyna að komast inn á svið listrænnar tjáningar, fegurðar og merkingar. Þetta eru sambærilegar áherslur og Oscar Wilde, átrúnaðargoð Morrisseys, heldur á lofti í ritgerð sinni *The Soul of Man Under Socialism* þar sem hann heldur því fram að með afnámi séreignarstefnu og leiðréttingu misskiptingar verði raunverulegri „einstaklingshyggju“ komið á. Að mati Wilde byggir raunveruleg einstaklingshyggja ekki á því að maðurinn sé félagslega bundinn því að leysa vandamál kapítalismans heldur eigi að geta nýtt hæfileika sína til fullnustu og „verið“ en ekki „átt“.

Í heimi nútímans, sem stjórnað er af markaðslögmálum og efnahagskerfi, verður auðvelt að sjá einstaklinga sem hluti sem uppfylla neysluskyldur sínar í stað sinna náttúrulegu þarfa. Í laginu „Heaven knows I’m Miserable Now“ syngur Morrissey: „No I’ve never had a job, because I’ve never wanted one.“ og á öðrum stað: „I was looking for a job and then I found a job. And heaven knows I’m miserable now.“ Þessi höfnun á gildi vinnunnar segir tónlistarfræðingurinn Samuel Reynolds vera hluta af höfnun atvinnuumhverfisins á Englandi, sem skapað var af Thatcher: „Clearly, the rejection of work is not a Thatcherite mockery of the industrial past. On the contrary, for many it was a rallying cry not to work for her new England, which was becoming, simply taking and not giving.“<sup>28</sup> Það virtist vera ætlun Morrissey að verða ekki ofurseldur markaðslegum hliðum tónlistarinnar þannig að það hafi áhrif á inntak listarinnar. Markmið hans var þó ekki að gagnrýna stjórnarmál og íhaldssemi með skipulegum hætti heldur leitaði ástríða út á við þannig að hann varð opinbert tákn um menningarlegan óstöðugleika.<sup>29</sup>

### **Morrissey í dag: Pólítísk þráhyggja eða mótmæli?**

Vinsældir Morrisseys í dag, þegar litið hefur verið stuttlega á undirstöður þeirra, fela í sér ákveðið vandamál. Morrissey er fyrir löngu orðinn fullmótuð ímynd. Honum hefur ekki tekist að endurnýja sig eða ná af sér The Smiths „stimplinum“, sem bæði er einkenni og dragbítur sólóferils hans. Með tímans rás varð sá stimpill óljós minning um afmarkað tímabil:

<sup>28</sup> Brooker, „Has the World changed or have I changed?“ location 876.

<sup>29</sup> Sama heimild, location 876-900.

The scorn that was quite often heaped upon the band was typically embodied in a caricature of the early stage persona of their vocalist. As the millennium turned, it appeared that The Smiths had come to be remembered only dimly as that strange band with the eccentric singer [...] <sup>30</sup>

Líta má svo á að Morrissey kjósi að viðhalda ímynd sem fellur ekki að meginstraumi tónlistarunnenda og gagnrýnenda en hafi ekki stjórn á henni. Skuggi The Smiths er einfaldlega svo langur og dökkur að hann gengur af sviði, hættir við tónleika og tekur gagnrýni illa sem skapar ekki nýjan farveg fyrir frægð hans. Umtöluð sjálfsævisaga Morrisseys sem kom út árið 2013 var að miklu leyti staðfesting á öllu þessu, þar sem hann fékk tækifæri til þess að færa sig inn á ritvöllinn. Með bókinni héldu margir að loks yrði hulunni svift af dulúðinni en svo var ekki alveg. Hún náði í ofanálag að vekja deilur í menningarumræðunni, í bland við lof, en bókin kom út undir merki Penguin Classics. Forlagið hefur tileinkað sér útgáfu sígildra bókmenntaverka sem hafa jafnvel árþúsunda langa sögu og var Morrissey þannig komin í hóp með verkum á borð við Ódysseifskviðu. Ímynd Morrisseys er að einhverju leyti hinnar lifandi tónlistargoðsagnar en ef marka má viðtökur verka hans síðustu ára er slíkt alls ekki einróma. Nýlegt dæmi er útgáfa fyrstu skáldsögu Morrisseys, *List of the Lost* (2015), sem einnig kom út hjá Penguin. Sagan er nýgotnesk hrollvekja og fékk samstundis dræmar viðtökur og gagnrýni. <sup>31</sup>

Morrissey hefur sagt það frá upphafi að hann vilji ekkert með tónlistariðnaðinn gera og hann er passífur þegar hann ræðir vinsældir sínar en sú afstaða hefur leitt hann á stað sem er í æ minni tengslum við umheiminn. Í nýlegu viðtali við hinn þekktu spjallþáttastjórnanda Larry King útskýrði hann afstöðu sína til tónlistariðnaðarins og frægðarinnar:

I just speak the words of ordinary people. I'm not flash, I'm not glitzy and I'm not part of the industry. So sometimes I can seem a bit strange [...] Most people who want to be in the industry, who want to sing and be successful, they have to behave a certain way – and they do – and have a fixed idea about glamour. I've never had any of that. [...] And I just wanted to be me, for better or for worse. <sup>32</sup>

<sup>30</sup> Sean Campbell og Colin Coulter, „Why pamper life's complexities?: an introduction to the book“, *Why Pamper Life's Complexities?: Essays on The Smiths*, ritstj. Sean Campbell og Colin Coulter, Manchester University Press: Manchester, 2010, Kindle-útgáfa, location 125.

<sup>31</sup> Bókin fékk t.a.m. verðlaunin Bad sex award sem veitt eru slæmum kynlífslýsingum í bókmenntum: <http://www.ruv.is/frett/thrutin-kvedja>. Auk þess er nóg er að lesa titilinn á mörgum gagnrýnum sem birtar voru um bókina, en á Guardian birtist grein sem hét „List of the Lost by Morrissey review – the publishers should be ashamed of themselves.“

<sup>32</sup> *Larry King Now, The*, 17. ágúst 2015, tekið þann 19. apríl hér: [https://www.youtube.com/watch?v=EieZo\\_OqtkY](https://www.youtube.com/watch?v=EieZo_OqtkY)

Líkt og aðrir meðlimir The Smiths hefur Morrissey aldrei losnað við tengsl sín við hljómsveitina og segja má að sólóferill hans sé í raun langt bergmál, eða skuggi, af því tímabili. Því lengra sem líður frá árinu 1987, því erfiðara verður að staðsetja Morrissey í nútímanum. Gamlir siðir á tónleikum hans, að aðdáendur klöngrast upp á sviðið og ná að faðma og kyssa Morrissey, ástríða fyrir gæsku og réttlátri pólitík, grænmetisát og kynfrelsi eru lykilhlutir arfleiddar hans en eru einnig tímaskekkja. Þetta er afleiðing þess að poppstjarnan Morrissey er stöðnuð og það er best skýrt með hinni svæðisbundnu, næstum trúarlegu, fylgjendahollustu. Hugsanlegt er að Morrissey hafi engan áhuga á hlaupa á eftir vinsældum sínum með nýbreytni og sveigjanleika heldur kjósi að vera píslarvottur skoðanna sinna.

## Heimildir

Adorno, Theodor W. og Horkheimer, Max, „Menningariðnaður: Upplýsing sem múgsefjun“, *Áfangar í kvikmyndafræðum*, þýð. Guðni Elísson, Forlagið: Reykjavík, 2003.

Adorno, Theodore W., „Ræða um ljóðlist og samfélag“, aðfararorð Benedikt Hjartarson, *Ritið: Tímarit hugvísindastofnunar Háskóla Íslands*, Háskólaútgáfan: Reykjavík, 2011.

Bird, Sharon R. “Welcome to the Men's Club: Homosexuality and the Maintenance of Hegemonic Masculinity”. *Gender and Society* 10.2, 1996. Fengið þann 19. apríl af: <http://www.jstor.org/stable/189829>

Bret, David, *Morrissey: Landscapes of the Mind*, Robson Books Ltd: London, 1994.

Brooker, Joseph, „Has the World changed or have I changed?: The Smiths and the Challenge of Thatcherism“, *Why Pamper Lifes Complexities?: Essays on The Smiths*, ritstj. Campell, Sean og Coulter, Colin, Manchester University Press: Manchester, Kindle-útgáfa, 2010.

Cabral, Javier, „Why do Mexican Americans love Morrissey so much?“, *The Washington Post*, 8. október 2014, tekið þann 24. febrúar 2016 af: <https://www.washingtonpost.com/posteverything/wp/2014/10/08/why-do-mexican-americans-love-morrissey-so-much/>

Sean Campbell og Colin Coulter, „‘Why pamper life’s complexities?’: an introduction to the book“, *Why Pamper Lifes Complexities?: Essays on The Smiths*, ritstj. Campell, Sean og Coulter, Colin, Manchester University Press: Manchester, Kindle-útgáfa, 2010.

*Data Run*, 1984. Viðtalið má sjá hér, tekið þann 21. apríl: <https://www.youtube.com/watch?v=M6VbSEm8nY0>

Eoin Devereux og Melissa Hidalgo, „‘You’re gonna need someone on your side’: Morrissey’s Lation/a and Chicano/a fans“, *Participations: Journal of Audience & Reception Studies*, 12/2, nóvember 2015.

Duca, Lauren, „There is a Light that never goes out: The Enduring Cult of Morrissey“, *Huffington Post*, 30.6.2015, tekið þann 23. febrúar 2016 af: [http://www.huffingtonpost.com/2015/06/30/morrissey-fandom\\_n\\_7689288.html](http://www.huffingtonpost.com/2015/06/30/morrissey-fandom_n_7689288.html).

Frith, Simon, „Why Music Matters“, *Critical Quarterly*, 50/1-2, 2008.

Hall, Stuart, „Notes on Deconstruction the Popular“, *Cultural Theory and Popular Culture*, ritstj. John Storey, Pearson: London, 1998.

Hesmondhalgh, David, „Why the Cultural Industries Began to Change in the 1980’s“, *The Cultural Industries*, 3. útgáfa, Sage: Los Angeles, 2013.

Miranda, Carolina A., „Mexrrissey: The phenomenon that created a Mexican supergroup“, *The Los Angeles Times*, 9. maí 2015, tekið þann 24. febrúar 2016 af:

<http://www.latimes.com/entertainment/arts/miranda/la-et-cam-mexrrissey-mexican-morrissey-phenomenon-20150508-column.html>

*The Larry King Now, The*, 17. ágúst 2015, tekið þann 19. apríl 2016 hér:  
[https://www.youtube.com/watch?v=EieZo\\_OqtkY](https://www.youtube.com/watch?v=EieZo_OqtkY)

Martin J. Power, Aileen Dillane, Eoin Devereux, „A push and a shove and the land is ours: Morrissey’s counter-hegemonic stance(s) on social class“, *Critical Discourse Studies*, 9.4, Routledge; Limerick, nóvember 2012, bls. 375-392.

Uncut Ultimate Music Guide: Nr. 14, *The Smiths*, Uncut: London, 2013.

*Whistle Test, The*, BBC, 1985. Viðtalið má sjá hér, tekið þann 23. febrúar:  
<https://www.youtube.com/watch?v=O2MOuMWUa70>